## Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 5. bekkur
## skólaárið 2022 - 2023

**Kennari:** Jóhanna Kristín Hauksdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið

### Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | Geti valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.<br><br>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna s.s. mdf, krossvið, Linditré og furu.<br><br>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum | s.s hefilbekk, helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.<br>Nemendur læri að nota raspa, þjalir og mismunandi sandpappír sem hæfir efni.<br><br>Nemendur læri að nota sög, hamar, naglbít, skrúfjárn,og flest önnur handverkfæri. Einnig borvél, juðara og tifsög. | Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.<br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.<br><br>Frammistaða í tímum er metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og tækni** | Tjáð hugmyndir sínar með þrívíðri skissu<br><br>Geti málsett einfalda teikningu<br><br>Valið samsetningar á mismunandi hátt.<br><br>Geti valið yfirborðsmeðferð á mismunandi hátt.<br><br>Geti greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.<br><br>Geti sagt frá orkugjöfum sem nota má í smiðaverkefnum.<br><br>Geti bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi. | Krossviður- fura. Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á krossvið eða furu.Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka.<br><br>Teiknað einfalda teikningu og mælt út hvað verkefnið á að vera stórt.<br><br>Krossviður– Plexigler. Verkefni af ýmsum toga<br><br>Framkvæmi samsetningar s.s. líma, skrúfa setja saman á viðeignadi hátt.<br><br>Nemendur þjálfist að nota akrýlliti, bæs, lökk og persónuhlífar.<br><br>s.s. afhverju notum við hnífapör og afhverju eru þau alltaf svipuð?<br><br>s.s. vogarafl gorma og teygjur<br><br>s.s. tölvur, símar, ský, þurfum ekki að fara út í búð, getum pantað og borgað í gegnum netið. Margir geta unnið sína vinnu heima (eins og menn gerðu I covid). | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

<table>
<tr><td>Umhverfi</td><td>Kynnist íslensku hráefni<br><br>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.<br><br>Noti tilheyrandi hlífðarbúnað og vinnustellingar.</td><td>Nemendur læri um íslenskar viðartegundir<br><br>Sem dæmi: Nemandi finnur efni úti, kemur með efnið í smíðastofuna og vinnur með það.<br><br>Noti hlífðargleraugu og eyrnahlífar.<br>Geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína.</td><td>Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaefnum.<br><br>Metin er hænfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð.</td></tr>
<tr><td colspan="4">Námsgögn:<br>Bækur, blöð og síður á netinu til hugmyndavinnu.  Efnivið sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).</td></tr>
<tr><td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.<br>Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.<br>Nemendur fá endugjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</td></tr>
</table>